



Austurbrú – Samband sveitarfélaga á Austurlandi
Jóna Árný Þórðardóttir
Tjarnarbraut 39e,
700 Egilsstaðir

Efni: Umsögn Félags íslenskra safna og safnamanna um kynningartillögu að svæðisskipulagi Austurlands 2022-2044. Mál nr. 64/2022 Birt: 21.03.2022.

Stjórn Félags íslenskra safna og safnamanna (FÍSOS) óskar Sambandi sveitarfélaga á Austurlandi til hamingju með framkoma kynningartillögu á svæðisskipulagi fyrir Austurland. Að því sögðu vill stjórnin koma á framfæri athugasemdum sem snúa að þætti safna í tillögunni og árétta um leið mikilvægi safna í samfélagi Austurlands.

Á Austurlandi er fjölbreytt safnaflóra. Þar má finna margvíslegar sýningar, setur, safnvísa og síðast en ekki síst fjögur söfn sem uppfyllt hafa ströng skilyrði Safnaráðs og starfa sem viðurkennd söfn samkvæmt safnalögum. Allar þessar stofnanir, með viðurkenndu söfnin í broddi fylkingar, gegna mikilvægu hlutverki í austfirsku menningarlífi og þar með samfélagi. Söfnin varðveita menningararf svæðisins, rannsaka hann og miðla niðurstöðunum til almennings með fjölbreyttum hætti. Söfnin eru fræðslustofnanir sem taka á móti skólahópum á öllum skólastigum og stuðla þannig að fjölbreytileika í kennslu og menntun barna og ungmenna. Söfnin eru samkomustaðir þar sem fólk kemur saman til að njóta, fræðast og sækja fjölbreytta viðburði. Þau eru einnig mikilvægir viðkomustaðir ferðafólks þar sem gestir fá innsýn inn í líf og sögu fólksins á svæðinu.

Af ofangreindu má sjá að mikilvægi safna í samfélagi Austurlands er mikið og síst minna en þeirra stofnana sem sérstaklega eru tilgreindar í stefnu um menningarlíf og umfjöllun um hana (bls. 110-112). Þrátt fyrir það er þáttur safna í stefnunni harla rýr og m.a. ekki gerður greinamunur á mismunandi tegundum safna (viðurkennd söfn, safnvísar, setur, sýningar). Því leggur stjórn FÍSOS til að í stefnunni verði fjallað með skýrari og meira afgerandi hætti um þennan flokk menningarstofnana, mikilvægi mismunandi tegunda safna verði áréttað og sett fram markmið um hvernig efla megi söfnin og styrkja, fjórðungnum til heilla. Þá er einnig lagt til að söfnin verði tekin með meira afgerandi hætti inn í umfjöllun um Austurland sem áfangastað en rannsóknir sýna að mikill fjöldi ferðamanna hefur áhuga á söfnum og heimsækir þau á ferðum sínum um landið.¹

Fjölbreytt og öflugt menningarlíf er mikilvægt hverju samfélagi og þar spila söfn stórt hlutverk. FÍSOS hvetur sveitarstjórnarfolk á Austurlandi til að taka ofangreind atriði til athugunar, gera söfnum hærra undir höfði í svæðisskipulaginu og marka sér þannig skýra stefnu um sterkari söfn til framtíðar.

Virðingarfyllt
Stjórn FÍSOS

¹ Sjá til dæmis: <https://www.ferdamalastofa.is/static/files/ferdamalastofa/Frettamyndir/2021/juni/lokaskýrsla-2019-2a.pdf>